

Alþingi
Erindi nr. P 127/1891
komudagur 12.4.2002




11. apríl 2002

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

Vísað er til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dagsett 11. apríl 2002, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um alþjóðleg viðskiptafélög, 668. mál. Hér með fylgir umbeðin umsögn.

Virðingarfyllst,



Sigurður Guðmundsson
forstjóri

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr 31/1999 um
alþjóðleg viðskiptafélög, 668. mál.**

Frumvarp það sem hér um ræðir fjallar um að breyta ákvæðum um bókhald alþjóðlegra viðskiptafélaga til samræmis við það sem gildir nú um fyrirtæki sem uppfylla tiltekin skilyrði að þeim sé heimilt að færa ársreikninga sína í erlendri mynt. Í umsögn sinni um þá lagabreytingu sem heimilaði tilteknum fyrirtækjum færslu ársreikninga í erlendri mynt (347. mál) taldi stofnunin að sú heimild ætti að vera almenn og því er breyting þessi í samræmi við þá breytingar sem gerðar voru fyrr á þessu þingi.